

Sp. 104. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson, Margrét Frímansdóttir,
Helgi Seljan, Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds,
Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir,
Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna er skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta.

Í starfi sínu geri nefndin m. a. samanburð á rekstrarskilyrðum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi og í samkeppnislöndum okkar. Í því sambandi athugi nefndin sérstaklega eftirfarandi:

1. olíuverð til fiskiskipa,
2. orkuverð til fiskvinnslu, s. s. frystingar og bræðslu,
3. viðhalds- og þjónustukostnað, s. s. verð á tækjum, vélum og varahlutum,
4. fjármagnskostnað og fjárfestingar,
5. flutningskostnað útflutningsafurða,
6. söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum,
7. launakostnað í veiðum og vinnslu,
8. ríkisstyrki.

Nefndin skal jafnframt taka til athugunar skipulag veiða og vinnslu og gera tillögur um ráðstafanir sem tryggja að eðlilegt samræmi verði á milli afkastagetu skipa og fiskvinnslustöðva.

Nefndin hefji störf nú þegar og um næstu áramót skal hún skila sérstökum tillögum um úrlausn á vanda togaraútgerðarinnar. Í þeim tillögum skal nefndin leggja áherslu á:

- a. að skapaður verði rekstrargrundvöllur fyrir togara sem ná meðalaflaverðmæti eða meira á ári miðað við venjulegar aðstæður og að treyst verði sérstaklega útgerð þar sem hún er meginforsenda atvinnulífs.
- b. að benda á hvernig farið skuli með þann kostnað og þær skuldir sem útgerðin getur ekki staðið undir með eðlilegum hætti.

Nefndin skal strax í upphafi fara þess á leit við sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir því að opinberir sjóðir grípi ekki til aðgerða sem leiða myndu til stöðvunar skipa meðan unnið er að fyrsta áfanga nefndarálitsins.

Nefndin skili af sér með skýrslu til Alþingis eigi síðar en við upphaf þings haustið 1985.

Nefndin hafi samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo sem þurfa þykir og fái sérfræðiaðstoð ef með þarf.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að strax verði tekið á hinum brýna rekstrarvanda togaraútgerðar í landinu jafnframt því sem gert er ráð fyrir heildarúttekt á stöðu sjávarútvegsins.

Á síðasta þingi flutti Svanfríður Jónasdóttir tillögu til þingsályktunar um kosningu millipinganefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Tillagan náði ekki fram að ganga og er því endurflutt hér en auk þess er í þessari tillögu nú gert ráð fyrir sérstöku átaki vegna togaraútgerðarinnar þar sem stjórnvöld hafa ekki bent á leiðir í þeim efnum. Því er eðlilegt að Alþingi taki það mál sérstaklega í sínar hendur og er gert ráð fyrir því að þingmannanefndin skili þeim hluta verksins af sér fyrir áramót. Er því lögð áhersla á að nefndin starfi hratt og skili álitni hið allra fyrsta.

Það er staðreynd að hver íslenskur sjómaður fiskar meira en annars staðar gerist og að færri skip eru notuð til að ná þeim afla en hjá þeim þjóðum sem við gjarnan berum okkur saman við.

Það er einnig staðreynd að sjávarútvegurinn hefur verið og er enn meginundirstaða íslensks efnahagslífs og nægir í því sambandi að benda á hlutdeild hans í útflutningstekjum okkar en hún hefur undanfarin ár verið á bilinu 70%—80%. Á sama tíma hafa ársverk í veiðum og vinnslu aðeins verið 13,5—14,5% af unnum ársverkum.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur rekstrargrundvöllur sjávarútvegs verið með þeim hætti að hann berst í bökkum og kjör þess fólks, sem við hann vinnur, oft og tíðum bæði lakari og ótryggari en gerist hjá öðrum stéttum en kjör þessa fólks eru nátengd þeim rekstrarskilyrðum sem sjávarútveginum eru búin.

Það er ljóst að til að sjávarútvegurinn geti keppt við aðrar greinar um vinnuafli og svarað kröfum um aukin gæði og verðmætasköpun þarf að tryggja rekstrargrundvöllinn.

Í ljósi þessa og mikilvægis sjávarútvegsins í þjóðarbúskapnum gerir tillagan ráð fyrir að dregnar verði saman víðtækar upplýsingar um rekstrarskilyrði sjávarútvegs og stöðu hans, m. a. með tilliti til aðstæðna sjávarútvegs í samkeppnislöndum okkar. Í framhaldi af gagnasöfnun verði bent á leiðir til úrbóta.

Hvað varðar þann hluta tillögunnar sem fjallar um vandamál togaraútgerðarinnar sérstaklega, er rétt að benda á að sú hættu er nú yfirvofandi að útgerð í landinu verði eingöngu ákveðin með hliðsjón af forsendum fjármagnsins. Það mun leiða til þess að útgerð getur lagst niður þar sem síst skyldi. Fyrir liggur að stjórnvöld hafa ekki ráðið við þennan vanda og því er eðlilegt að Alþingi taki á málinu sérstaklega eins og gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu.

Síðari hluti tillögunnar byggist á þeirri forsendu að nefndin ljúki þeim hluta starfa sinna, er við kemur rekstrarvanda togaranna, fyrir áramót 1984—1985. Rökin fyrir því að taka þessi mál til sérstakrar skoðunar eru margþætt.

Í fyrsta lagi er togaraútgerðin einn mikilvægasti þáttur atvinnulífsins í landinu og víða meginforsenda atvinnu í heilum byggðarlögum.

Í öðru lagi er nú svo illa komið útgerð margra nýjustu togaranna að stöðvun blasir við.

Í þriðja lagi er ljóst að vandi útgerðarinnar hefur verið notaður af stjórnvöldum sem skálkaskjól til að halda lífskjörum niðri, meðal annars í yfirstandandi kjaradeilu.

Hafa þarf sérstaklega í huga að togaraútgerðin býr við mjög misjafnan fjármagnskostnað og þau skip, sem keypt eru eftir 1977, standa að því leyti miklu verr en eldri skip. Það liggur fyrir að rekstur nýrri skipanna er að jafnaði hagkvæmari á aflaeiningu en eldri skipanna og þess vegna væri fráleitt að láta fjármagnskostnaðinn einan ráða úrslitum um það hvaða skip eru gerð út og hver ekki.

- Tillögugreinin skýrir sig að mestu sjálf þó að nauðsynlegt sé að taka fram eftirfarandi:
- Með „rekstrargrundvelli“ er átt við að útgerð meðalskips, sem greiðir venjuleg laun, fjármagnskostnað og olíukostnað, geti gengið með eðlilegum hætti. Síðari hluti a-liðar gerir ráð fyrir því að heildaratvinnusjónarmið vegi þungt við ákvarðanir þær sem teknar verða.
 - Vafalaust getur niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem tillagan byggist á, orðið sú að einhverjir togarar séu óhagkvæmir og því rétt að leggja þeim um sinn. Þá er líklegt að talið verði nauðsynlegt að einhver hluti fjármagnskostnaðar verði felldur niður af útgerðunum. Kostnaður við þetta hvort tveggja gæti orðið verulegur. Því er nauðsynlegt að nefndin bendi á það nákvæmlega hverjir það eru sem eiga að bera þann kostnað. Til greina gæti komið að stofna sérstakan Atvinnuöryggissjóð útgerðarinnar sem starfaði við hlið Fiskveiðisjóðs.

Það er augljóst að þetta mál þolir enga bið. Þess vegna verður að ætlast til þess að nefndin vinni hratt. Öll gögn eiga að vera fyrir hendi í máli þessu þannig að sá þáttur verksins á þegar að liggja fyrir í meginatriðum. Það sem skortir er ákvörðun Alþingis um úrræði þar sem stjórnvöld hafa brugðist þeirri skyldu sinni að taka á vandanum.

Fylgiskjal.

TILLÖGUR ÞINGFLOKKS OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ALÞYÐUBANDA- LAGSINS TIL LAUSNAR VANDA SJÁVARÚTVEGSINS.

Samþykkt á sameiginlegum fundi þingflokks og framkvæmdastjórnar 24. júlí 1984.

Framkvæmdastjórn og þingflokkur Alþýðubandalagsins átelja harðlega þann seinagang og það úrræðaleysi sem einkenna tók ríkisstjórnarinnar á sjávarútvegsáttum. Mánuðum saman hefur blasað við stöðvun í þessum undirstöðuáttum landsmanna með hrikalegum afleiðingum fyrir lífskjör í þeim landshlutum sem byggja mest á sjávarútvegi og fyrir þjóðarbúið í heild.

Alþýðubandalagið telur að grípa verði strax til aðgerða til þess að koma í veg fyrir stöðvun og þar með stórfellt atvinnuleysi. Alþýðubandalagið telur að eftirfarandi ráðstafanir eigi að gera til þess að koma í veg fyrir stöðvun í sjávarútveginum:

- Afurðalán verði hækkuð í það hlutfall birgða sem áður var.
- Vextir af afurðalánum verði lækkaðir.
- Lausaskuldum í sjávarútvegi verði breytt í lengri lán og tryggt að skuldbreytingin verði framkvæmd undanbragðalaust. Staðið verði við fyrirheit frá síðustu áramótum um skuldbreytingu og felldir niður dráttarvextir frá áramótum af þeim lánum sem átti að skuldbreyta þegar fiskverð var ákveðið.
- Gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja útgerðinni olíu á lægra verði en nú er um að ræða. Meðal annars verði útvegsmönnum veittur möguleiki á því að kanna sérstaklega hvort unnt er að flytja inn ódýrari olíu en nú er til fiskiskipaflotans svo að tryggt verði að olían sé jafnan á bestu fáanlegum kjörum. Gera verður gangskör að því að spara olíu í fiskiskipaflotanum enn frekar en gert hefur verið og orku í fiskvinnslunni.
- Orkuverð til fiskvinnslunnar verði endurskoðað. Fiskvinnslan — íslenska stóriðjan — greiðir nú tíu til tólf sinnum hærra verð fyrir orkuna en erlenda stóriðjan.
- Gagnert verði unnið að því að tryggja ódýrari þjónustu við sjávarútveginn en nú er um að ræða. Verði sérstaklega tekið á bönkum, olíufélögum og skipafélögum í þessu sambandi sem græða nú hundruð milljóna króna á ári. Ekki er vafi á því að uppistaðan í hagnaði þessara fyrirtækja er sótt í sjávarútveginn.

7. Ekki verði tekinn gengismunur af skreiðarbirgðum og endurgreiddur sá gengismunur sem tekinn hefur verið af skreið að undanfögnu.

Með þeim aðgerðum, sem hér hefur verið lýst, væri komið í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins á næstunni. Jafnframt þarf að gera skipulagsbreytingar í sjávarútveginum sem skapa forsendur fyrir mannsæmandi lífskjörum verkafólks og sjómanna sem hafa orðið fyrir sérstökum árásum á kaup sitt og kjör. Á sama tíma og sjávarútvegurinn stendur verr en nokkru sinni fyrr blasa hvarvetna við upplýsingar um aukinn gróða þjónustuaðila og milliliða. Innflutningsverslunin valsar með fjármagn — einnig erlent lánsfé — í stórum stíl en sjávarútvegurinn mætir afgangi. Í stað þess að taka á vandamálum framleiðslunnar virðast ráðherrar leggja megináherslu á að snúast í kringum fulltrúa erlendra auðfélaga. Alvarlegt er einnig að ríkisstjórnin virðist ætla að láta markaðskreiddur ráða ferðinni með þeim afleiðingum að atvinnuleysi í heilum landshlutum verði niðurstaðan innan nokkurra vikna ef svo heldur fram sem horfir. Alþýðubandalagið telur að ekki eigi að láta köld markaðslögmálin ráða úrslitum um atvinnuþróunina heldur beri að mæta framleiðslusamdrætti og fjármagnskostnaði sjávarútvegsins á skipulegan hátt á grundvelli félagslegra sjónarmiða.

Alþýðubandalagið telur enn fremur að hefja eigi þegar undirbúning að endurskoðun á kvótakerfinu sem ákveðið var á Alþingi sl. vetur.